

Tilmæl 33/2021

Fyrri skjalsnúmer	A 1867/tillväxt
Afgreiðsla	Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin
Fylgiskjal/-skjöl	Nefndarálit um þingmannatillögu um stuðning Norðurlanda við íblöndun 5% lífoldsneytis í flugvélaeldsneyti, A 1867/tillväxt

Stuðningur Norðurlanda við íblöndun 5% lífoldsneytis í flugvélaeldsneyti

Með vísan í 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð þann 4. nóvember 2021 eftirfarandi tilmæli að tillögu norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndarinnar.

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar
að norrænu ríkisstjórnirnar beiti sér saman fyrir gerð sameiginlegrar norrænnar áætlunar í þeim tilgangi að minnka loftmengun af völdum flugumferðar

að samin verði sameiginlega áætlun um að Norðurlönd verði fyrsta svæði heims með jarðefnaeldsneytisláusan flugmarkað með samnorrænni kröfu um íblöndun 5% lífoldsneytis í allt flugvélaeldsneyti, byggt á norrænu hráefni, sem notað er í flugi milli og innan Norðurlanda frá og með árinu 2025

að skýrslan Nordic Sustainable Aviation verði þýdd á skandinavískt tungumál og að samantekt á pólitískum tilmælum verði þýdd á skandinavískt mál auk finnsku og íslensku

Kaupmannahöfn, 10. nóvember 2021

Bertel Haarder

forseti Norðurlandaráðs

Kristina Háfoss

framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs